



## Verklagsreglur vegna skráningardaga í leikskólum í Skagafirði

Skráningardagar eru dagar þar sem ekki er gert ráð fyrir að börn mæti í leikskólann nema foreldrar skrái þau sérstaklega. Markmiðið með skráningardögum er að gefa foreldrum tækifæri til að lækka leikskólagjöld ef þeir geta haft börnin heima og til að starfsmenn geti í meira mæli nýtt styttingu vinnuvikunnar eða sumarorlof þessa daga.

### 1. gr.

Skráningardagar skulu vera 20 á hverju ári og skulu skráningardagar fylgja haust- og vetrarfríi grunnskóla, jóla- og páskaleyfi grunnskóla þegar ekki er um skipulagsdag eða lokun vegna starfsmannafunda að ræða á sömu dögum í leikskólum. Einnig skal bjóða upp á skráningardaga á klemmudögum, þegar einn virkur dagur er á milli frídaga, sé ekki nú þegar skipulagsdagur eða lokun af öðrum ástæðum á þeim dögum. Sá fjöldi skráningardaga sem ekki kemst á slíka daga skal settur á aðra dag sem leikskólastjórar telja að geti hentað starfseminni eða að megi gera ráð fyrir að börn verði færri en venjulega.

### 2. gr.

Foreldrar skulu skrá börn sín sérstaklega í leikskólann þessa daga með rafrænum hætti a.m.k. fjórum vikum áður en daginn ber upp. Leikskólastjórar ákveða hve langur fresturinn er. Greitt verður sérstaklega fyrir skráningardaga og skal fjárhæð ákveðin í gjaldskrá leikskóla.

### 3. gr.

Leikskólastjórar skulu merkja skráningardaga inn á skóladagatal og fræðslunefnd þarf að samþykkja skráningardaga ár hvert, sem og beiðnir um tilfærslur á skráningardögum.

### 4. gr.

Uptaka skráningardaga skal ekki hafa áhrif á tilmæli til leikskóla að samræma skipulagsdaga og aðra lokunardaga við skóladagatal grunnskóla.

### 5. gr.

Gjald er innheimt fyrir skráningardagana skv. gjaldskrá. Skráningu lýkur a.m.k. fjórum vikum fyrir skráningardag. Skólagjöld fyrir skráningardagana greiðist með mánaðargjaldi. Skráning er bindandi óháð því hvort skráningardagurinn er nýttur eða ekki, t.d. vegna veikinda.

### 6. gr.

Vistunartími á skráningardegi er í samræmi við vistunartíma barns.

### 7. gr.

Nánari útfærslur á reglum þessum eru í höndum leikskólastjóra.